

# Vinnuframlag stúdenta

## – hugmynd að reiknireglum

Baldur Sigurðsson tók saman, 16. feb. 2007.  
Síðast uppfært 8. maí 2014

Samkvæmt Bologna-samkomulaginu um samræmingu háskólanáms í Evrópu skal fullt háskólanám vera 1500 til 1800 vinnustundir á ári. Því er skipt í 60 einingar, svokallaðar ECTS-einingar (European Credit (and Accumulation) Transfer System). Að þessum forsendum gefnum liggur að baki hverri einingu um 25-30 klukkustunda vinna stúdents. Þá er allt námstengt atferli með talið: tímasókn, heimavinna, hópvinna, verkefni og próf, sem og annar tími sem verður að telja til námstíma, á sama hátt og kennarar telja ýmis verk og viðvik til vinnutímans þótt þau falli hvorki undir kennslu né rannsóknir í strangasta skilningi.

Meðfylgjandi er lítið excel-skjal<sup>1</sup> sem nota má til að meta hvort áætlað lesefni og verkefnavinna á námskeiði er í samræmi við það vinnuálag sem eðlilegt er að leggja á stúdenta miðað við fjölda námseininga. Skjalið var þróað til heimabruks og líta ber á það sem hjálpargagn, tilraun til að létta kennurum skipulag námskeiða sinna, **en *alls ekki sem nein endanleg sannindi eða fyrirmæli um hvað telst eðlilegt og rétt.***

### Útreikningur á vinnu

Meðfylgjandi excel-skjal geymir tillögu að reiknireglum fyrir vinnuframlag stúdenta. Það er reiknað á tvennan hátt:

- Miðað við lesefni
- Miðað við stærð verkefnis sem hluta af heildarnámsmati á námskeiði.

Þegar vinnuálag er reiknað **miðað við lesefni** er reynt að áætla eina tölu sem felur í sér allan þann tíma sem tengist því að tileinka sér efnið, allt frá því stúdent aflar sér bókar eða greinar og þar til hann kemur þekkingu sinni til skila með verkefni eða á prófi. Öflun lesefnis getur falið í sér kaup á bókum eða leit á bókasafni; lestur felur í sér skimun, forlestur, nákvæmnislestur, glósur og próflestur; og skil á efni textans geta verið í formi munnlegs eða skriflegs verkefnis, ritgerðar eða prófs.

Gefnar eru þær forsendur að ekki skipti máli hvert form er á námsmati, það taki sama tíma fyrir stúdent að tileinka sér það sem til er ætlast.

Þegar vinnuálag er reiknað **miðað við hlutfall verkefnis** af námsmati er gert ráð fyrir að vinna við verkefnið sé svipað hlutfall af vinnu við námskeiðið og vægi í námsmati gefur til kynna. Vinna við verkefnið felur þá í sér allan lestur sem tengist verkefninu og ef við á: framkvæmd rannsóknar, vettvangsheimsóknir og skil.

### Hvernig á að nota reiknireglurnar?

Þegar kennari reiknar vinnuálag fyrir einstaka þætti á námskeiði sínu verður hann að velja hvort hann reiknar þennan tiltekna námsþátt miðað við lesefni **eða** sem verkefni. Kennari getur ekki gert hvort tveggja því þá er hann að tvítelja sömu vinnuna. Útreikningur á vinnu miðað við lesefni felur í sér þá verkefnavinna sem tengist lesefninu og á sama hátt felur útreikningur á vinnu miðað við hlutfall af námsmati í sér allan lestur í tengslum við þann tiltekna námsþátt eða verkefni.

Sjálfsgagt er að prófa báðar leiðir:

1. Með því að slá inn hlutfall verkefnis af heildareinkunn getur kennari séð hve mikinn tíma hann getur ætlast til að stúdentar leggi í verkið.
2. Með því að slá inn fjölda blaðsíðna í lesefni sem verkefnið byggist á getur hann séð hve langan tíma mun taka að lesa efnið og koma því til skila í verkefninu.

Ef báðar aðferðir sýna sambærilega tölu er áætlunin líklega raunhæf.

Suma námsþætti eða verkefni hentar að áætla með hliðsjón af fjölda blaðsíðna, aðra þætti eða verkefni er einfaldara að meta með því að skoða hlut þeirra í heildarnámsmati.

### Flokkun lesefnis eftir námskröfum

Vinna stúdenta við lestur á námsefni er háð eðli lesefnisins og því hversu ítarlegrar þekkingar er krafist á efninu. Byrjað er á að skipta námsefni í tvennt eftir námskröfum.

- Lesefni numið til hlítar
- Lesefni skoðað

Auk þess er einn flokkur fyrir bókmenntatexta.

<sup>1</sup> VinnuframlagStudenta.xlsx

## Lesefni numið til hlítar

Hér er átt við fræðilegt lesefni þar sem ætlast er til að stúdentar læri að þekkja hugtök, skilgreiningar þeirra og aðgreiningu, og geti beitt þeim í fræðilegri umræðu. Stúdentar þurfa að geta staðið skil á einstökum þekkingatriðum, munnlega eða skriflega, geta greint aðaðalatriði frá aukaatriðum, og rökrætt um einstök dæmi á fræðilegan eða faglegan hátt.

Í þennan flokk falla grundvallarkennslubækur á námskeiðum, greinar og annað efni sem stúdentar þurfa að geta fjallað um af nokkurri nákvæmni í verkefnum eða á prófi.

Gera má ráð fyrir að skyldulesefni allra falli í þennan flokk.

## Lesefni skoðað

Hér er átt við lesefni af ýmsum toga sem ætlast er til að stúdentar þekki allvel, geti lýst viðfangs-efnum og meginatriðum en þurfa ekki að geta svarað til um smáatriði eða skilgreiningar.

Hér má til dæmis nefna að kennaranemar þurfa að þekkja allvel kennslufni á ákveðnu sviði og geta fjallað um það í meginatriðum án þess að fara út í smáatriði. Hér má einnig telja bókmenntir sem nemendur eiga að þekkja til í bókmenntasögulegu samhengi en þurfa ekki að standa skil á efnislega.

Gera má ráð fyrir að kennarar nefni í námskeiðslýsingum allmikið efni í þessum flokki en ætlist ekki til að stúdentar kynni sér nema brot af því.

## Bókmenntatextar

Reiknireglurnar í þessum lið eru fullkomin ágiskun og ekki tekin afstaða til þess hversu nákvæmlega lesið er. Bókmenntakennarar þyrftu að endurskoða reglurnar í samræmi við eigin reynslu.

## Flokkun lesefnis eftir þyngd

Mjög margar breytur hafa áhrif á leshraða stúdenta og þann tíma sem það tekur þá að tileinka sér námsefni. Hér verður þó að miða við einhvers konar meðalnámsmann sem les meðalsíðu í algengu kennslubókarbroti. Miðað er við eftirfarandi forsendur: Fræðilegar greinar eru að jafnaði þyngri aflestrar en kennslubækur eða inngangsbækur á ákveðnu sviði. Fræðilegt efni er yfirleitt þyngra aflestrar en hálffræðilegt efni eða efni sem ætlað er almenningi. Kennslubækur fyrir yngri skólastig eru fljótlesnari en bækur fyrir eldri skóla-

stig, skáldrit fljótlesnari en fræðirit og íslenskar bækur yfirleitt fljótlesnari en erlendar.

Á grundvelli þeirra forsendna sem hér hafa verið taldar má setja upp eftirfarandi flokkun lesefnis:

1. Fræðilegt efni á erlendu máli
2. Fræðilegt efni á íslensku
3. Fræðileg kennslubók (inngangsbók) á erlendu máli
4. Fræðileg kennslubók á íslensku
5. Hálffræðilegt og almennt efni á erlendu máli
6. Hálffræðilegt og almennt efni á íslensku
7. Kennslubækur framhaldsskóla
8. Kennslubækur grunnskóla
9. Skáldrit á erlendu máli
10. Skáldrit á íslensku
11. Annað léttlesíð efni

Reikniregla fyrir fræðilegt efni er byggð á Karjalainen, Alha og Jutila (2006) en fyrir annað efni er beitt ágiskun. Þær eru miðaðar við bakkalárstig en stúdentar á meistarástigi ættu að ráða við meira.

Lesendur ættu ekki að taka reiknireglurnar of bókstaflega heldur laga að eigin þörfum og reynslu.

Gott væri að fá athugasemdir. – BS

## Heimildir

Karjalainen, A., Alha K. og Jutila, S. (2006). *Give me time to think. Determining student workload in higher education. A practical guide for teachers and curriculum designers*. Oulu: University of Oulu, Teaching development unit. Sótt af <http://www.oulu.fi/w5w/tyokalut/GET2.pdf>

Baldur Sigurðsson. (2011). Mæling náms í ektum – undirstaða gæðastarfs. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/002.pdf>

González, Julia og Robert Wagenaar (ritstj.). (2008). *Universities' contribution to the Bologna process. An introduction*. (2. útgáfa). Bilbao: Publicaciones de la Universidad de Deusto.